

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/28/EB

frá 21. apríl 1999

um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/20/EB ⁽²⁾, einkum 9. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. tilskipunar 92/14/EBE eru þær flugvélar, sem eru tilgreindar í viðaukanum við hana, undanþegnar, einkum ef þær eru áfram notaðar af einstaklingum eða lögpersónum sem hafa staðfestu í skráningarlandinu á viðmiðunartímabilinu.
- 2) Í 9. gr. a í tilskipun 92/14/EBE er kveðið á um einfaldaða málsmeðferð við breytingar á viðaukanum með það fyrir augum að tryggja fullt samræmi við viðmiðanirnar sem gilda um undanþágur.
- 3) Sumum af flugvélunum, sem eru tilgreindar í viðaukanum, hefur verið fargað og aðrar felldar brott úr skrám viðkomandi þróunarlanda og því er breytinga þörf á viðaukanum.
- 4) Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugöryggisreglur sem var komið á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽³⁾ ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2176/96 ⁽⁵⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 53, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/1999 frá 5. nóvember 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarífsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 107, 7.4.1998, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

⁽⁴⁾ Fundur í nefnd um flugöryggisreglur 2. febrúar 1999.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 291, 14.11.1996, bls. 15.

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 92/14/EBE er hér með breytt á þann hátt sem greinir í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. september 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. apríl 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Efírfarandi flugvélar skulu felldar brott úr viðaukanum:

EGYPTALAND

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugfélag
19843	B-707-336C	SU-PBA	Air Memphis

LÍBANON

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugfélag
20260	B-707-3B4C	OD-AFE	MEA
19967	B-707-347C	OD-AGV	MEA

LÍBERÍA

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugfélag
45686	DC8F-55	EL-AJQ	Liberia World Airlines

MAROKKÓ

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugfélag
20471	B727-2B6	CN-CCG	Royal Air Maroc
21214	B737-2B6	CN-RMI	Royal Air Maroc
21215	B737-2B6	CN-RMJ	Royal Air Maroc
21216	B737-2B6	CN-RMK	Royal Air Maroc

NÍGERÍA

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugfélag
19664	B707-338C	5N-VRG	Air Tours

SIMBABVE

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugfélag
18930	B707-330B	Z-WKU	Air Zimbabwe
45821	DC8F-55	Z-WMJ	Affretair